

Hvers vegna viðbúnað við bólusótt?

Atburðirnir 11. september 2001 og mánuðina þar á eftir höfðu djúpstæð áhrif á viðhorf manna til hryðjuverka. Hefðbundnar hugmyndir um varnar- og öryggismál hafa verið endurskoðaðar. Hryðjuverkum er nú á dögum beint gegn almenningi með þeim hætti að hefðbundinn hernaður kemur ekki að notum. Óttast er að sýkla- og eiturefnavopnum sem engan veginn hafa verið óþekkt verði nú beint gegn fólki. Markmiðið með hryðjuverkum, eða ofurhryðjuverkum eins og farið er að kalla þau, er núorðið að valda sem mestu manntjóni og skiptir þá líf hryðjuverkamannsins sjálfis engu máli. Eina raunhæfa leiðin til að bregðast við afleiðingum slíkra atburða af völdum sýkla og eiturefna er að efla heilbrigðisþjónustuna og þær sóttvarnir sem fyrir hendi eru.

Í skýrslu Landlæknisembættisins til heilbrigðisráðherra um mat á áhrifum sýkla- og eiturefnavopna á lýðheilsuna (1) er bólusótt einn þeirra sjúkdóma sem talinn er koma til greina að beita sem vopni gegn mönnum. Þótt bólusótt sé ekki líklegasta vopnið sem beitt yrði í hernaði eða hryðjuverki er hún það skæðasta því sjúkdómurinn berst auðveldlega milli manna, dánartalan er há eins og sagan vitnar um.

Bólusótt er Íslendingum vel kunn. Heimildir um bólusóttina 1707-1709 eru einstakar í heiminum vegna þess hve vel þær lýsa afleiðingum hennar í samfélagi þar sem ónæmi gegn sjúkdómnum er ekki til staðar hjá flestum þegnum. Þá lést meir en fjórðungur þjóðarinnar, flestir á besta aldri. Bólusetning gegn bólusótt hófst hér á landi sem víða annars staðar í upphafi 19. aldar. Bólusetningum var síðan hætt í heiminum eftir að bólusótt var endanlega útrýmt sem náttúrulegum sjúkdómi fyrir rúmum 20 árum. Afleiðingin er dvínandi ónæmi gegn sjúkdómnum meðal almennings og er ástandið í heiminum farið að

minna á það sem ríkti á Íslandi í upphafi 18. aldar.

Birgðum af bólusóttarveirunni hefur verið haldið á sérstökum völdum öryggisrannsóknarstofum í Rússlandi og Bandaríkjunum. Ekki er hægt að útiloka að veiruna sé að finna annars staðar. Af þeirri ástæðu hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ítrekað frestað þeirri ákvörðun sinni að eyðileggja þær birgðir sem heimilað var að varðveita eftir að bólusótt var útrýmt (2).

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa nú samþykkt varnar- og viðbragðsáætlun við bólusótt að fenginni umsögn sóttvarnaráðs. Áætlunin er birt í þessu tölublaði Læknablaðsins. Norrænu heilbrigðisráðherrarnir gáfu út yfirlýsingu í Svíþjóð þann 19. ágúst síðastliðinn um að þjóðirnar hafi samráð um varnir við bólusótt jafnframt því sem þær vinna með öðrum fjölpjódlegum stofnunum.

Útrýming bólusóttar sem var talin mikill sigur fyrir mannkynið er nú orðin vandamál okkar allra og verður það á komandi áratugum. Þeir kostir sem bjóðast til að verjast bólusótt eru bólusetning, einangrun og afkvíun. Lyfjameðferð er enn sem komið er ekki raunhæfur kostur. Mikilvægast af öllu er að tryggja getu til að greina bólusótt klínískt, á rannsóknarstofu og með vöktunarkerfi. Á næstu misserum fer fram nánari skipulagning á aðgerðum á vegum sóttvarnalæknis sem byggjast á áætluninni um viðbrögð við bólusótt. Vonandi geta þær orðið fyrirmynd að aðgerðum gegn öðrum atburðum af völdum sýkla og eiturefna.

Heimildir

1. Guðmundsson S, Briem H. Mat á áhrifum sýkla- og eiturefnavopna á lýðheilsuna. Varnir og viðbrögð gegn sýkla-, eiturefna- og geislaatburðum á Íslandi. Júní 2002.
2. Resolution WHA 55.15. WHO Assembly 2002.



Haraldur Briem

Höfundur er sóttvarnalæknir.